



EYJAFJARÐARSVEIT

Alþingi
Erindi nr. P 132/1622
komudagur 18.4.2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

12. apríl 2006

150 REYKJAVÍK

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur móttengið erindi samgöngunefndar Alþingis dags. 27. mars 2006 þar sem óskað er umsagnar hennar við tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu héraðsvega, 310. mál.

Sveitarstjórn hefur á fundi sínum þann 11. apríl samþykkt meðfylgjandi ályktun með vísan til umsagnarbeiðninnar.

F. h. Sveitarstjórnar.
Bjarni Kristjánsson





EYJAFJARÐARSVEIT

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur á fundi sínum þann 11. apríl 2006 samþykkt eftirfarandi bókun sem umsögn við **tillaga til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega:**

“Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar styður eindregið tillögu um átak í uppbyggingu héraðsvega sbr. þskj. 330, mál 310 og leggur eindregið til að ályktunin verði samþykkt þar sem þetta mál snertir þýðingarmikla hagsmuni byggðarlaga um land allt.

Sveitarstjórn hefur á undaförnum árum ítrekað vakið athygli Alþingis á mikilli þörf á auknum fjárveitingum til viðhalds og endurbyggingar á tengivegum og öðrum héraðsvegum. Það er skoðun hennar að þessar fjárveitingar þurfi að aukast til muna þar sem ástand þessarra vega er víða orðið mjög bágborið og hafi nú þegar hamlandi áhrif á þróun byggðar á ákveðnum stöðum á landinu. Á þeim forsendum m. a. gerði hún alvarlegar athugasemdir við **við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008** þar sem glögglega kom fram að halda ætti fjárveitingum til tengivega áfram í því lágmarki sem verið hefur um árabil. Sveitarstjórn taldi þá stefnu óskynsamlega, að hún væri ógnun við búfestu og atvinnurekstur víða í dreifbýli og ekki í neinu rökréttu samhengi við þekkta þörf eða yfirlýsingar stjórnvalda um eflingu kjarnasvæða og fyrirheit, sem gefin hafi verið um slíkar aðgerðir. Þá vakti sveitarstjórn athygli á eftirfarandi sem einkennandi fyrir ástand tengivegakerfisins:

- Þessir vegir liggja ekkert frekar um afskekktar eða fámennar sveitir heldur má oft finna þá þar sem umferð er mikil, jafnvel í þéttbýlum sveitum þar sem öll þróun byggðarinnar er mjög háð góðum samgöngum.
- Margir þessarra vega eru frá því fyrir miðja síðustu öld og alls ekki hannaðir fyrir þann hraða og þunga, sem fylgir nútíma umferð.
- Þeir þola ekki þungaflutninga á þeim tíma, sem aðdrættir af þeim toga eru hvað mestir út til sveita, þar sem burðargeta þeirra er takmörkuð.
- Víða er snjósöfnun mikil, brýr eru of mjóar; jafnvel svo að á takmörkum er að stærri ökutæki komist yfir þær, sum fljótverkustu snjóruðningstæki alls ekki og jafnvel ekki stærstu landbúnaðartæki.

Sveitarstjórn ítrekar enn þessi sjónarmið sín og telur að Alþingi geti ekki lengur vikið sér undan því að stórauka fjárveitingar til þess hluta vegakerfisins sem hér er til umfjöllunar.”



Eiríki Kristjánsson